

Fundur - 25.nóvember.2003

Endurrit fundargerðar Mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps 25.nóvember 2003

Ár 2003 þann 25/11 kl. 17:00 kom Mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum. Einnig mættur Sveinn Ragnarsson fulltrúi foreldraráðs og Áslaug Guttormsdóttir skólastjóri auk sveitarstjóra sem reit fundargerð. Guðrún Samúelsdóttir nefndarmaður og Rebekka Eiríksdóttir fulltrúi kennara mættu ekki.

SKÓLAMÁL

1) Rætt um fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2004. Sveitarstjóri upplýsti að beinn launakostnaður árið 2003 í Reykhólaskóla stefndi í að verða 31,3 milljónir sem væri 2,3 milljónum lægri fjárhæð en kostnaðurinn varð 2002.

Nefndin áætlar að launakostnaður ætti að geta farið niður í 29 milljónir árið 2004. Liðinn "rekstur tölvubúnaðar" þyrfti að hækka úr 0,3 milljónum í 0,4 milljónir. Áslaug nefndi að rétt væri að huga að því að kaupa 2-3 nýjar tölvur á næsta ári. Nefndin mælir líka með því að settar verði samtals 2,0 milljónir í viðhald bæði húss, innanstokksmuna og lóðar.

Nefndin leggur til svipaðar fjárveitingar og verið hefur til tónlistarskóla og bókasafns.

Önnur mál:

Áslaug kynnti nýjan samning um sérfræðiráðgjöf fyrir Reykhólaskóla. Um er að ræða Elmar Þórðarson og Ástþór Ragnarsson sem eru sérfræðingar búsettir í Borgarnesi og á Akranesi. Vegna manneklu á skólaskrifstofu Ísafjarðarbæjar féll sá samningur niður.

MENNINGARMÁL

1) Um stefnu í menningarmálum á Vestfjörðum og samstarfssamning sveitarfélaga, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og "Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum – drög", tillögur frá vinnuhópi. Vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar Reykhólahrepps 13. nóvember 2003. Nefndin telur rétt að leita eftir samstarfi um menningarmál við menntamálaráðuneytið á grundvelli þessarar stefnu. Nefndin bendir á að rökréttara er í skýrslunni að tala um Strandasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu þegar fjallað er um fyrsta samstarfssvæðið en ekki "Strandir og Reykhólahrepp." Það er í meira samræmi við hin svæðin sem kennd eru við sýslur. Enn fremur er gerð athugasemd við bls. 17 í skýrslunni þar sem Oddbjarnarsker er sagt tilheyra Vestur-Barðastrandarsýslu. Hið rétta er að það tilheyrir austur-sýslunni.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 19:15. Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Karl Kristjánsson Ingvar Samúelsson
Sveinn Ragnarsson Áslaug B. Guttormsdóttir
Einar Örn Thorlacius (ritar)